

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag leikstjóra á Íslandi
hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækjun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 21. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 14. apríl 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

Hallgríða Þorðjónsdóttir

Stefanie S. Blitv

f.h. Félags leikstjóra á Íslandi með fyrirvara um
samþykki félagsmanna

Jóni Ólafur Þórðarson

Kolvin Jónasson

Bókun og verkáætlun
með
samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félags leikstjóra á Íslandi
hins vegar
dags. 14. apríl 2023

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að fram að næstu kjarasamningum verði unnið að því að skilgreina betur verksvið leikstjóra, aðastoðarleikstjóra og dramatúrga með það að markmiði að undirbúa innröðun þeirra í nýja launatöflu (BHM töflu) sem verður tekin upp við það tækifæri.

Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|--|-------------------|-------------------|
| Betri vinnutími í dagvinnu / skoðun hjá hópum sem hvorki hafa fylgiskjal 1 né bókun þar um og framlenging á bókunum þar sem það á við. | 17. apríl 2023 | 30. nóvember 2023 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

| | |
|---|---------|
| 1 | 674.881 |
| 2 | 695.127 |
| 3 | 715.981 |
| 4 | 737.461 |
| 5 | 759.585 |
| 6 | 782.372 |
| 7 | 805.843 |
| 8 | 830.019 |